

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 22. maí 2025

Mál nr. E-31/2024:

**Dal-Björg ehf.**

(Hafsteinn Viðar Kristjánsson lögmaður)

**gegn**

**Reisugili ehf.**

(enginn)

## Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, var höfðað 12. mars 2024 af Dal-Björgu ehf., [...], á hendur Reisugili ehf., [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 544.298 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. febrúar 2023 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Af hálfu stefnda var skilað greinargerð 3. október 2024. Þar er þess aðallega krafist að málinu verði vísað frá dómi og til vara að stefnandi felli niður kröfu sína. Á dómþingi 25. febrúar síðastliðinn, eftir að lögmaður tók um tíma við rekstri málsins fyrir stefnda, var færður til þingbókar sá sameiginlegi skilningur aðila að í varakröfu stefnda fælist krafa um sýknu. Loks krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með úrskurði 21. mars 2025 hafnaði dómurinn kröfu stefnda um frávísun málsins og var kveðið á um að ákvörðun málskostnaðar biði efnisdóms.

Útivist varð af hálfu stefnda í þinghaldi 14. maí 2025, en boðað hafði verið af hálfu stefnda í tölvupósti fyrr um daginn að svo yrði. Þann dag fékk stefnandi færi á frekari málalíbúnaði til samræmis við 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi lagði fram sókn 21. sama mánaðar og var málið líkt og að framan greinir dómtekið þann dag.

## I

Málsatvik eru í meginatriðum þau að stefnandi er einkahlutafélag sem hefur með höndum leigu á vinnuvélum og veitir ýmsa þjónustu því tengdu, en skráður tilgangur stefnda, sem er sams konar félag, er bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Meðal gagna málsins er reikningur stefnanda sem gefinn var út 29. desember 2022 með eindaga 12. janúar 2023, vegna nánar tilgreindrar leigu á tilteknum tækjum, manns í dagvinnu og sölu á mól til

stefnda. Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda byggist krafa hans samkvæmt reikningnum á munnlegum samningi aðila um uppsetningu á púða undir vinnubúðir fyrir stefnda, en stefndi kveður kröfu stefnanda ekki í samræmi við á milli samning aðila. Gögn málsins bera með sér innheimtutilraunir stefnanda 4. maí 2023, 28. september 2023, 16. október 2023 og 3. og 24. nóvember 2023.

## II

Stefnandi byggir kröfu sína á fyrrgreindum reikningi sem sé stefnufjárhæð málsins auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda hafi verið 21. febrúar 2023 og miðist stefnufjárhæð og dráttarvextir við það tímamark. Af hálfu stefna hafi verið haft samband við stefnanda og óskað eftir uppsetningu malar-púða fyrir vinnubúðir. Aðilar hafi gert með sér munnlegan samning þess efnis, en vinna stefnanda hafi falist því samningsandlagi. Er reikningur stefnanda hafi verið skráður til innheimtu hafi útgáfudagur og gjalddagi verið miðaður við þá 21. febrúar 2023 en ekki útgáfudag og gjalddaga samkvæmt reikningnum. Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því sé nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Engin gögn hafi verið lögð fram sem styðji málsástæðu stefnda þess efnis að krafa stefnanda sé ekki í samræmi við samning aðila. Kröfu stefnanda hafi ekki verið hnekkt og beri því að taka hana til greina.

Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þar með talið vaxtavexti, styðji stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um varnarþing vísist til 33. gr. sömu laga.

## III

Stefndi byggir sýknukröfu á því að krafa stefnanda sé ekki í samræmi við samning aðila og boðaði í greinargerð að frekari gögn og samningar yrðu lagðir fram undir rekstri málsins. Stefndi byggir kröfu sína um málskostnað á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV

Mál þetta varðar ágreining aðila vegna kröfu stefnanda um greiðslu reiknings vegna uppsetningu stefnanda á malarpúða fyrir vinnubúðir í þágu stefnda sem aðilar hafi samið um. Stefnandi hefur í málflutningsskjölum meðal annars gert grein fyrir munnlegum samningi aðila þar um og ástæðu þess að stefndi er í stefnu krafinn um dráttarvexti frá 21. febrúar 2023, en ekki gjalddaga hins umþrætta reiknings 29. desember 2022. Stefndi ber því við í greinargerð að krafa stefnanda sé ekki í samræmi við samning aðila og að frekari gögn yrðu lögð fram við meðferð málsins.

Í ljósi málatilbúnaðar aðila og framlagðra gagna er lagt til grundvallar við úrlausn málsins að vanhöld hafi orðið á greiðslu fyrrgreinds reiknings samkvæmt samningi aðila um uppsetningu á malarpúða fyrir vinnubúðir, en reikningurinn ber jafnframt það samningsandlag með sér. Málatilbúnaður stefnanda samræmist að því og öðru framlögðum gögnum og engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu stefnda sem hnekkja honum. Þá nýtur stefndi góðs af kröfugerð stefnanda hvað vexti áhrærir og fram hafa verið færðar framangreindar skýringar á kröfugerð stefnanda að því leyti. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Að virtum úrslitum málsins og því að stefndi hefur tapað því í öllu verulegu í skilningi 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður hinu stefnda félagi gert að greiða stefnanda málskostnað. Hann þykir að teknu tilliti til þess hvernig mál þetta er vaxið, þar á meðal fjölda þinghalda, því að frávísunarkröfu stefnda var hafnað undir rekstri málsins, og með hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns stefnanda, en einnig öðrum kostnaði samkvæmt 1. mgr. 129. gr. sömu laga, hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Reisugil ehf., greiði stefnanda, Dal-Björgu ehf., 544.298 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. febrúar 2023 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 340.000 krónur í málskostnað.

Hákon Þorsteinsson